

Íslandsmót Kæna 2023

KAPPSIGLINGAFYRIRMÆLI

1. Reglur

1.1. Keppt er samkvæmt kappsiglingareglum World Sailing

2. Breytingar á kappsiglingafyrirmælum

2.1. Breytingar á kappsiglingafyrirmælum verða birtar á upplýsingatöflu í húsi Brokeyjar og

<https://www.racingrulesofsailing.org/documents/6634/event?name=islandsmot-2023>

2.2.

Einnig verða þær kynntar á skipstjórafundi kl 9:00 alla keppnisdaga.

2.3. Kappsiglingafyrirmælum getur verið breytt úti á sjó. Þá mun keppnisstjórn láta vita á rás 71 og þjálfarar og aðrir aðstoðarbátar láta keppendur vita.

3. Samskipti við keppendur

3.1. Tilkynningar til keppenda verða birtar á töflu í húsi Brokeyjar og á Online Notice Board á

<https://www.racingrulesofsailing.org/documents/6634/event?name=islandsmot-2023>

3.2.

3.3. Keppnisstjórn er í húsi Brokeyjar við Nauthólsveg 100, í síma 7823458 eða í tölvupósti á brokey@brokey.is

3.4. Úti á sjó verður upplýsingatafla þar sem upplýsingum til keppenda er komið til skila

4. Siðareglur

4.1. Keppendur og aðrir þátttakendur skulu verða við sanngjörnum beiðnum keppnisstjórnar

5. Merki í landi

5.1. Merki í landi verða sett upp á fánastöng félagsins sem er í garði þess

5.2. Þegar að AP fánanum er flaggað í landi breytist “ein mínúta” í “ekki minna en 60 mínútur” í fyrirmælum um kappsiglingamerki.

- 5.3. Fána D verður flaggað í landi þegar að keppendur mega fara út á sjó. Fyrsta viðvörunarmerki verður gefið í fyrsta lagi 55 mínútum eftir að honum er flaggað.

6. Dagskrá keppna

- 6.1. Stefnt er að fjórum umferðum fyrir alla flokka alla keppnisdagana. Fyrsta viðvörunarmerki verður gefið kl 09:55 og eftir tvær umferðir verður farið í land í hádegismat og eftir hádegi verða sigldar tvær umferðir.
- 6.2. Bæta má við tveimur fleiri keppnum hvern dag svo fremur sem að flokkarnir fari ekki meira en tveimur keppnum fram úr upprunalegu dagskránni. Þessi breyting verður gerð í samræmi við lið 2.1 og 2.2 í kappsiglingafyrirmælum.
- 6.3. Keppnisstjórn setur upp appelsínugulan fána með hljóðmerki og eftir það líða að minnsta kosti 5 mínútur að fyrsta viðvörunarmerki.
- 6.4. Á síðasta keppnisdegi verður ekki ræst eftir kl 17:00

7. Klassafánar

- 7.1. ILCA og opnum flokki verður startað saman með Laser fána og Optimistum og RS Tera verður startað með Optimist fána.

8. Keppnissvæði

- 8.1. Keppt verður í Skerjafirði og innfjörðum hans. Mynd af svæðunum eru í viðauka kappsiglingafyrirmæla.

9. Keppnisbrautir

- 9.1. Í viðauka verða teikningar af keppnisbrautum sem notast verður við á mótinu. Keppnisstjórn áskilur sér rétt til þess að nota aðrar brautir en um það verður tilkynnt á skipstjórafundi hvers dags.

10. Merki

- 10.1. Merki verða kynnt á skipstjórafundi en notast verður við gula og appelsínugula belgi sem og gular fánabaujur fyrir rásmark og endamark.

11. Ræsing

- 11.1. Ráslína er á milli appelsínuguls fána á keppnisstjórnarbáts og appelsínuguls fána á fánabauju.
- 11.2. Bátar sem að ekki eru að ræsa skulu halda sig frá ráslinunni.
- 11.3. Ef bátur fer ekki yfir ráslinuna á innan við 10 mínútum eftir ræsingu fær báturinn DNS. Þetta breytir reglu A 5.1 og A 5.2

12. Breyting á næsta legg í keppni

- 12.1. Til að breyta næst legg brautar mun keppnisstjórn færa næsta merki brautarinnar og birta viðeigandi fána.

13. Endamark

- 13.1. Endamark verður milli blás fána á keppnisstjórnarbáti og blás fána á fánabauju.

14. Tímamörk

- 14.1. Ef bátur lýkur ekki keppni innan við 20 mínútum eftir að fyrsti bátur í hans flokki lauk keppni fær viðkomandi bátur TLE.
- 14.2. Regla 14.1 á ekki við um opinn flokk en sérákvæði verður tilkynnt af keppnisstjórn fyrir opinn flokk.

15. Kærur

- 15.1. Tímamörk fyrir birtingu kæra er 90 mínútur eftir að síðasti bátur viðeigandi flokks hefur lokið síðustu keppni dagsins eða eftir að keppnisstjórn tilkynnir að ekki verði keppt meira þann dag.
- 15.2. Tilkynningar verða gefnar út í seinasta lagi 30 mínútum eftir að kærufrestur er liðinn og dagskrá verður birt á töflu í húsi Brokeyjar sem og á <https://www.racingrulesofsailing.org/documents/6634/event?name=islandsmot-2023>

16. Stigagjöf

- 16.1. Notast verður við lágstigakerfi
- 16.2. (a) Þegar færri en 5 umferðum hefur verið lokið telst samanlögð stigatala úr umferðunum sem heildarstigatala í keppninni.

(b) Þegar lokið hefur verið við 5 til 7 umferðir telst samanlögð stigatala úr umferðunum, að undanskilinni lökustu umferðinni, sem heildarstigatala í keppninni.

(c) Þegar lokið hefur verið við 8 umferðir telst samanlögð stigatala úr umferðunum, að undanskildum tveimur lökustu umferðunum, sem heildarstigatala í keppninni.

17. Öryggi

- 17.1. Ef að bátur hættir keppni skal áhöfn hans láta keppnisstjórn eða aðra öryggisbáta vita við fyrsta mögulega tækifæri.

18. Bátar á vegum keppnisstjórnar

- 18.1. Bátar á vegum keppnisstjórnar verða merktir með fána Brokeyjar

19. Aðstoðarbátar og aðrir vélbátar

- 19.1. Liðstjórar, þjálfarar og annað aðstoðarfólk skal halda sig utan keppnissvæðis frá fyrsta viðvörunarflauti þar til að seinasti bátur hefur lokið keppni eða hætt keppni. Eða þar til keppnisstjórn frestar, endurræsir eða hættir við keppni.
- 19.2. Stýrimenn allra vélbáta skulu nota ádreparasnúru öllum stundum á meðan vél er í gangi og einnig skal hann og allir farþegar hans nota flotvesti að lágmarki 50N fyrir aðila yfir 18 ára og 30N fyrir börn yngri en 18 ára
- 19.3. Aðstoðar og þjálfarabátar skulu vera merktir fána síns félags.

20. Losun úrgangs

- 20.1. Allir vélbátar á keppnissvæði taka við rusli keppenda.

21. Verðlaun

- 21.1. Veitt verða verðlaun fyrir fyrstu þrjú sæti í hverjum flokki.

Viðauki:



